

Jafnlaunastefna og jafnréttisáætlun Rafal

Markmið

Jafnlaunastefna Rafal tekur til allra starfsmanna fyrirtækisins og kveður á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsfólki Rafal þau réttindi varðandi launajafnrétti sem kveðið er á um í lögum nr. [150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna](#). Jafnlaunastefna þessi er órjúfanlegur hluti af launastefnu Rafal.

Allt starfsfólk óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu, svo sem hvað varðar skulu njóta jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar. *Þau laun sem lögð eru launaákvörðunum til grundvallar skulu ekki fela í sér kynjamismunun.* Forsendur launaákvörðana eru að þær séu í samræmi við kjarasamninga, studdar rökum og tryggi að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.

Til þess að fylgja eftir jafnlaunastefnu Rafal skuldbindur fyrirtækið sig til að:

- Innleiða, skjalfesta og viðhalda vottuðu jafnlaunastjórnunarkerfi í samræmi við kröfur staðalsins ÍST85 og öðlast jafnlaunavottun í samræmi við lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.
- Framkvæma launagreiningu og kynna helstu niðurstöður ásamt jafnlaunastefnu fyrir starfsfólki árlega.
- Bregðast við ef kröfur staðalsins eru ekki uppfylltar þar á meðal óútskýrðum kynbundnum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti. Ef um óútskýrðan launamun er að ræða skal leiðrétta hann innan tveggja mánaða.
- Framkvæma árlega innri úttekt og rýni stjórnenda þar sem jafnlaunamarkmið eru sett fram og rýnd.
- Stöðugar umbætur verða nýttar til að virkja stefnu fyrirtækisins sem best.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta á fundi að þeim sé hlítt.
- Tryggja að jafnlaunastefna þessi sé aðgengileg á heimasíðu fyrirtækisins og á innri vef fyrirtækisins.

Jafnlaunastefna og jafnréttisáætlun skulu endurskoðaðar árlega sem hluti af rýni stjórnenda fyrirtækisins og markmið um verkefni sett sem styðja munu við markmið stefnunnar.

Markmið og verkefni

Verkefni	Ábyrgð	Lokið (dags.)	Staða
Ljúka jafnlaunavottun	Mannauðstjóri	31.05.2022	Í vinnslu
Að þess sé gætt í atvinnuuglýsingum félagsins að störfín standi öllum kynjum til boða	Mannauðstjóri	31.05.2023	Í vinnslu
Að vinna fjarvinnustefnu til að auðvelda, þeim hluta starfsmann sem unnið geta án staðsetningar, að samræm af fjölskyldu- og einkalíf. Vinnutími annarra starfsmanna skal vera eins sveigjanlegur og kostur er. Deildarstjórum verður falið að gæta þess.	Mannauðstjóri	31.12.2023	Ekki hafið
Þjóða upp upp á starfsnám í rafvirkjun fyrir efstu bekki grunnskóla í Hafnafirði. Höfða sérstaklega til kvenna í kynningum	Mannauðstjóri	31.05.2022	Ekki hafið
Birta viðbragðsáætlun við einelti, kynbundnu áreitni og einelti sem kynferðislegu áreitni og einelti og kynna starfsmönnum.	Mannauðstjóri	31.10.2022	Í vinnslu

